

**From:** Helga Björk Laxdal

**Sent:** 19. júní 2018 19:55

**To:** Þórdís Lóa Þórhallsdóttir; Vigdís Hauksdóttir; Eyþór Arnalds; Dagur B Eggertsson; Líf Magneudóttir; Sanna Magdalega Mörtudóttir; Kolbrún Baldursdóttir; Dóra Björt Guðjónsdóttir

**Afrit:** Janus Arn Guðmundsson

**Subject:** Vegna framboðslista við kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar

Heil og sæl.

Í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram í upphafi fundar vill undirrituð koma eftirfarandi á framfæri. Sendi þetta á oddvita þar sem ekki liggur nákvæmlega fyrir hvernig forsætisnefnd verður skipuð en ég mun óska eftir að málið verði tekið upp þar í beinu framhaldi.

1. Upplýsingar um nöfn þeirra sem lagt er til að taki sæti þegar kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar eru teknar á dagskrá, eru ekki trúnaðarmál. Hvorki upplýsingar sem skrifstofunni bárust frá minnihluta né meirihluta voru trúnaðarmerktar auk þess sem beinlínis er gert ráð fyrir því í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar að þessar upplýsingar liggja fyrir þegar fundur er boðaður. Í þessu tilfelli var ákveðið að reyna við föstudaginn þar sem það er venjubundinn boðunartími borgarstjórnar.
2. Þrátt fyrir það að skrifstofan hafi á engan hátt farið með upplýsingar hvorki meiri- né minnihluta um skipan í ráð og nefndir sem trúnaðargögn voru listarnir ekki framsendir neinum nema starfsfólks skrifstofu borgarstjórnar sem allt vann að því að koma listunum saman til yfirferðar og undirritunar svo fundurinn myndi ganga snurðulaust vel fyrir sig. Handrit borgarstjórnarfundarins var kynnt bæði borgarstjóra og verðandi forseta borgarstjórnar auk þess sem listarnir sjálfir voru undirritaðir af borgarstjóra og voru á leið til undirritunar hjá oddvita Sjálfstæðisflokksins því miður allt of seint, þegar fundur hófst, eins og boðið er í sveitarstjórnarlögum.
3. Ef skrifstofan hefði haft meiri tíma til að ganga frá gögnum fundarins hefðu listarnir meira að segja verið birtir á vef borgarstjórnar áður en fundur hófst, auk þess sem unnið hefur verið að því að koma réttum upplýsingum á vef Reykjavíkurborgar síðustu daga en þegar fundur hófst hafði þá þegar verið uppfærðar upplýsingar um nefndasetu hinna ýmsu borgarfulltrúa til samræmis við þá lista sem við vorum að vinna eftir.
4. Upplýsingar um nefndaskipun minnihlutans barst undirritaðri ca. 21.00 í gær. Ég og annar starfsmaður unnum við yfirferð til eitt í nótt og byrjuðum aftur kl.8.00 í morgun en vorum samt á síðustu stundu, en eins og fram kom á sameiginlegum fundi oddvita fer skrifstofan yfir kjörgengisskilyrði í ráðir og nefndir, sem eru mismunandi, lögheimilisskráningu og kynjahlutföll. Á engum tíma þegar ég var að kalla eftir þessum upplýsingum til þess að kosningarnar gætu gengið snurðulaust fyrir sig voru gerðar athugasemdir við það erindi og lýstu allir yfir fullum skilningi á því að það þarf að undirbúa slíkar kosningar.
5. Á síðustu dögum hefur skrifstofa borgarstjórnar haldið námskeið fyrir nýja borgarfulltrúa, setið marga fundi með ýmsu oddvitum og borgarfulltrúum, svarað tugum tölvupósta, símtala og fyrirspurna. Þetta hefur verið afar skemmtilegur og annasamur tími, þar sem við höfum öll reynt að gera okkar besta til að koma til móts við allar þær beiðnir sem hafa komið frá bæði minnihluta og meirihluta. Ég tek því nærri mér að ég og starfsfólkið skulum vera ásökuð um leka og vil gera allt til að eyða þeim misskilningi.

Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð góðfúslega.

Kær kveðja

HBL

---

Helga Björk Laxdal.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík

sími: 411-4700

tölvupóstfang: [helga.laxdal@reykjavik.is](mailto:helga.laxdal@reykjavik.is)

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>